

**Fundargerð 13. fundar  
bæjarráðs  
haldinn í Ráðhúsinu í Sandgerði,  
28. nóvember 2018 , kl. 15:00.**

**Fundinn sátu:**

Ólafur Þór Ólafsson, Hólmfríður Skarphéðinsdóttir, Magnús Sigfús Magnússon, Daði Bergþórsson, Magnús Stefánsson og Bergný Jóna Sævarsdóttir.

**Fundargerð ritaði: Bergný Jóna Sævarsdóttir, Sviðsstjóri stjórnarsýslusviðs.**

**1. Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins: 2019 - 1809099**

Elísabet Þórarinsdóttir fjármálastjóri sat fundinn undir þessum dagskrárlið. Lögð fram drög að fjárhagsáætlun 2019, ásamt drögum að þjónustugjaldskrá. Lögð fram aðsend erindi sem hafa borist vegna fjárhagsáætlunar.

*Samþykkt að vísa fyrirbyggjandi styrkbeiðnum til afgreiðslu fjárhagsáætlunar.  
Fjárhagsáætlun vísað til fyrri umræðu í bæjarstjórn.*

**2. Sýslumaðurinn á Suðurnesjum: umsókn um tækifærisleyfi. ósk um umsögn - 1809046**

Umsögn um umsókn frá Björgunarsveitinni Ægi um tækifærisleyfi vegna þorrablóts 27.01.2019.

*Bæjarráð gerir ekki athugasemdir um veitingu leyfisins.*

**3. Miðhús - hádegismatur - 1810119**

Lagt fram minnisblað frá sviðsstjóra fjölskyldusviðs, um breytingar á fyrirkomulagi matarþjónustu fyrir aldraða.

*Samþykkt að framkvæmd verði eins og fram kemur í minnisblaði og kostnaði vísað til gerðar fjárhagsáætlunar.*

**4. Foreldrafélag Gerðaskóla - beiðni um styrk - 1811070**

Erindi frá Foreldrafélagi Gerðaskóla dags. 22.11.2018, þar sem óskað er eftir styrk að fjárhæð kr. 200.000 vegna starfsemi félagsins 2018.

*Samþykkt að vísa erindinu til vinnslu fjárhagsáætlunar.*

**5. Sameiginleg menningarstefna sveitarfélagana á Suðurnesjum - 1811072**

Erindi frá SSS dags. 23.11.2018, þar sem óskað er viðbragða aðildarsveitarfélaga um endurskoðun sameiginlegrar menningarstefnu sveitarfélaga á svæðinu.

*Bæjarráð samþykkir að sveitarfélagið taki þátt í verkefninu.*

**6. Byggðakvóti fiskveiðiárið 2018-2019 - 1810025**

Lagt fram bréf dags. 23.11.2018 frá Atvinnuvega-og nýsköpunarráðuneyti um úthlutun byggðakvóta. Úthlutað er til Sandgerðis 300 þorskígildistonnnum og Garðs 15 þorskígildistonnnum.

13. fundur bæjarráðs  
29.11.2018

*Samþykkt að fela bærarstjóra að vinna minnisblað um málið og leggja fram á næsta fundi bæjarráðs. Málinu er vísað til kynningar í Hafnarráði.*

#### **7. Heitloftspurrkun fiskafurða í Garði - 1811075**

Fulltrúi B-lista lagði fram eftirfarandi tillögu:

Varðandi lyktarmengun frá Iðngörðum og/eða öðrum stöðum í sveitarfélaginu. Það er tillaga mín að inná heimasíðunni [www.gardurogsandgerdi.is](http://www.gardurogsandgerdi.is) og þar eftir heimasíðu sveitarfélagsins þegar nýtt nafn hefur verið staðfest verði opnaður aðgangur fyrir bæjarbúa til að tilkynna um lyktarmengun þegar heitloftspurrkanir fiskafurða eru í gangi og ólykt liggur yfir svæðinu. Þessum ábendingum frá bæjarbúum er þá á auðveldan hátt hægt að koma til Heilbrigðiseftirlits og/eða Heilbrigðisnefndar.

*Bæjarráð felur bærarstjóra að taka tillöguna til vinnslu.*

Fundi slitið kl. 17:45.

---

Ólafur Þór Ólafsson

---

Hólmfríður Skarphéðinsdóttir

---

Magnús Sigfús Magnússon

---

Daði Bergþórsson

---

Magnús Stefánsson